

* Dráttarvextir

Úrskurður 1/2008

Kærð er álagning dráttavaxa í úrskurði tollstjóra nr. 47/2007. Tollstjóri krefst þess að úrskurðurinn verði staðfestur. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurðinn.

Með bréfi, dags. 27. desember 2007, sem barst til nefndarinnar 31. s.m. kærir E., f.h. F. álagningu dráttarvaxta í úrskurði tollstjóra nr. 47/2007. Í nefndum úrskurði eru gjöld endurákvörðuð af átta sendingum þar sem við athugun kom í ljós að EUR upprunayfirlýsingar á vörureikningum sendinganna uppfylli ekki skilyrði fríðindameðferðar. Kærandi voru ákvörðuð aðflutningsgjöld og dráttarvextir. Kærandi kærir álagningu dráttarvaxtanna og telur að þegar staðfestingar erlendra tollyfirvalda hafi legið fyrir um að hluti vörunnar uppfyllti ekki skilyrði fríðindameðferðar, hafi tollstjóri tekið sér óeðlilega langan tíma til endurákvörðunar aðflutningsgjalda sem hafi leitt til hærri kröfu um greiðslu dráttarvaxta.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að kærandi hafi verið tilkynnt að til endurákvörðunar á aðflutningsgjöldum gæti komið af eftirtöldum sendingum sem fyrirtækið hafi fengið tollafgreiddar:

Sendingarnúmer:	Tollafgreiðsludagur:
M ARE 30 03 5 DK EBJ C024	04.04.05.
M KRE 05 04 5 DK EBJ C032	07.04.05.
M KRE 18.04.5.DK EBJ C018	20.04.05.
M KRE 17 05 5 DK EBJ C049	19.05.05.
M KRE 31 05 5 DK EBJ C020	01.06.05.
M KRE 28 06.5 DK EBJ C037	29.06.05.
M ARE 15 09 5 DK EBJ C044	15.09.05.
P 150 23 08 5 IS B16 7422	29.08.05

Fyrirhuguð endurákvörðun byggðist á þeim ástæðum að tollur væri vanreiknaður en varningur í nefndum sendingum hafði verið tollafgreiddur með fríðindameðferð samkvæmt EES-samningi. Vörureikningarnir höfðu verið sendir dönskum tollyfirvöldum til staðfestingar eftir á og voru niðurstöður þeirra á þann veg að engin vara, nema hluti úr sendingu M ARE 30 03 5 DK EBJ C024, reyndist uppfylla kröfur um fríðindauppruna. Upprunayfirlýsingar á vörureikningum voru því ógildar og ber að greiða toll af öllum þeim vörum sem ekki uppfylla skilyrði fríðindameðferðar.

Gefinn var frestur til 20. september s.l. til andmæla og framlagningar gagna, eftir því sem við gæti átt. Að beiðni innflytjanda var fresturinn framlengdur, fyrst til 1. október og aftur til 10. október s.á. Leiðréttar skýrslur bárust frá innflytjanda 8. október. Ekki bárust andmæli frá innflytjanda.

Í ljósi þessa telur tollstjóri að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Er á því byggt, eins og að framan er rakið, að vörur í sendingunum, sem við rannsókn danskra tollyfirvalda reyndust ekki af fríðindauppruna, voru ranglega tollafgreiddar með 0% fríðindatolli. Af þeim ber að greiða viðeigandi toll. Tollstjóri ákveður því að endurákvörða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 3. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Þar sem fyrrgreindar sendingar voru upphaflega tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 gilda tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005. Eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987. Um dráttarvexti

fer skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga nr 55/1987, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Dráttarvextir skuli vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Tollstjóri úrskurðar, með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, um endurákvörðun aðflutningsgjalda af umræddum sendingum.

Vangreidd aðflutningsgjöld, (í þessu tilviki tollur), eru sem hér segir:

Vextir reiknast frá tollafgreiðsludegi til 1. september 2007.

Sendingarnr.	/tollafgr.d.	gjöld vsk.	vextir	Samtals kr.
M ARE 30 03 5 DK EBJ C024	/04.04.05.	8.424	5.333	13.757
M KRE 05 04 5 DK EBJ C032	/07.04.05.	325.160	205.018	530.178
M KRE 18 04.5 DK EBJ C018	/20.04.05.	69.149	42.837	111.986
M KRE 17 05 5 DK EBJ C049	/19.05.05.	44.927	26.722	71.649
M KRE 31 05 5 DK EBJ C020	/01.06.05.	54.068	31.603	85.671
M KRE 28 06 5 DK EBJ C037	/29.06.05.	23.831	13.355	37.186
M ARE 05 09 5 DK EBJ C044	/15.09.05.	282.871	148.020	430.891
P 150 23 08 5 IS B16 7422	/29.08.05.	2.131	1.083	3.211
		810.561	473.971	
	ALLS:			<u>1.284.532 kr.</u>

Tollstjóranum í Reykjavík var send kærana til umsagnar með bréfi 3. janúar 2008, sbr. 4. mgr. 118 gr. tollalaga nr. 88/2005. Var honum veittur frestur til 25. s.m til að skila inn greinargerð um kærana. Tollstjóri óskaði eftir lengri fresti og var hann veittur til 18. febrúar 2008. Í greinargerð tollstjóra segir m.a. að svör hafi borist frá dönskum tollfyrirvöldum í fjórum hlutum við fyrirspurn embættisins um uppruna vörunnar, það fyrsta 12. janúar 2006 og það síðasta 16. apríl 2007. Samkvæmt svarbréfum danskra tollfyrivalda reyndust einungis sending F 205 13 09 5 DK CPH K780 og hluti af sendingu M ARE 30 03 5 DK EBJ C024 innihalda vöru sem uppfyllti kröfur um fríðindauppruna.

Ástæða endurákvörðunarinnar var því sú að tollur reyndist vanreiknaður á vöru í sendingum M KRE 05 04 5 DK EBJ C032, M KRE 18 04 5 DK EBJ C018, M KRE 17 05 5 DK EBJ C049, M KRE 31 05 5 DK EBJ C020, M KRE 28 06 5 DK EBJ C037, M ARE 15 09 5 DK EBJ C044 og P 150 23 08 5 IS B16 7422 og hluta af sendingu M ARE 30 03 5 DK EBJ C024 þar sem vörunar uppfylltu ekki kröfur um fríðindauppruna.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að kæranda hafi verið send tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun 30. ágúst 2007. Kærandi óskaði eftir fresti til þess að leggja fram gögn og var hann veittur honum til 10. október 2007. Þann 8. október 2007 bárust gögn frá kæranda. Embættið úrskurðaði um endurákvörðun aðflutningsgjalda á sendingarnar í einu lagi þann 30. október 2007.

Eins og málið er vaxið telur tollstjóri eðlilegt að beðið hafi verið eftir að dönsk tollfyrirvöld lykju við að svara fyrirspurn embættisins dags. 14. nóvember 2005 í heild sinni og úrskurða í málinu að því loknu. Um var að ræða sendingar á sama innflytjanda og sama athugunarefni í öllum tilvikum, þrátt fyrir að um mismunandi seljendur hafi verið að ræða. Tollstjóri telur að ekki sé heimild í lögum til þess að fella niður álagða dráttarvexti skv. fyrrgreindum úrskurði. Úrskurðurinn byggist á heimild tollstjóra til endurákvörðunar skv. 3. mgr. 99. gr. eldri tollalaga nr. 55/1987 þar sem sendingarnar voru allar tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006. Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. er eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð tollafgreiðsludagur vörusendinga og 3. mgr. 108. gr. kveður á um að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Þar sem tafir urðu á málsmeðferð hjá embættinu tók embættið tillit til þess við útreikning dráttarvaxta í úrskurði sínum og voru dráttarvextir einungis reiknaðir frá tollafgreiðsludegi til 1. september 2007. Embættið telur því að það hafi nú þegar komið til móts við kæranda varðandi þær tafir sem urðu á málinu.

Með vísan til framangreinds krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Kærandi var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 18. febrúar 2008. Lögmaður kærandi sendi ríkistollanefnd athugasemdir við greinargerð tollstjóra þann 17. mars 2008. Þar segir m.a. að tollafgreiðsludagur þeirra sendinga sem endurskoðun aðflutningsgjaldanna náði til séu á tímabilinu 4. apríl 2005 til 15. september 2005. Svör um upprunálýsingar á vörureikningum bárust frá dönskum yfirvöldum í fjórum áföngum, fyrsta svarið 12. janúar 2006 og það síðasta 16. apríl 2007. Embættið sendi tilkynningu um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda 30. ágúst 2007 og er úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda kveðinn upp 30. október 2007.

Eindagi greiðslu aðflutningsgjaldanna sé miðaður við tollafgreiðsludag vörusendingar sbr. 2. mgr. 108.gr. tollalaga nr. 55/1987 sem gilda um framagreindar ákvarðanir og eru dráttarvextir ákvarðaðir frá og með eindaga og fram að 1. september 2007, skv. 3 mgr. 108.gr tollalaga 55/1987.

Þá segir í greinargerð lögmannsins að í umsögn tollstjóra til ríkistollanefndar sé talið eðlilegt að embættið hafi beðið með úrskurða um endurskoðun aðflutningsgjalda um einstakar sendingar þar til upplýsingar um allar sendingarnar liggja fyrir og þegar hafi verið tekið tillit til dráttar á afgreiðslu málsins með því að krefja dráttarvexti til 1. september 2007.

Eitt ár og átta mánuðir líða frá því að upplýsingar um fyrstu sendinguna berast og þar til tilkynning um endurskoðun gjaldanna er tilkynnt umbjóðanda mínum og er hann krafinn dráttarvaxta á allar sendingarnar frá tollafgreiðsludegi þeirra til 1. september 2007.

Samkvæmt 7 gr. vaxtalaga nr. 38/2001 ber ekki að greiða dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður vegna atvika sem valda því að greiðsla fer ekki fram og skuldara verður ekki kennt um. Ljóst er að hægt hefði verið að krefja umbjóðanda minn um greiðslur af einstaka sendingum allt að 18 mánuðum fyrir. Lögmaður kærandi telur að umbjóðanda sínum verði ekki kennt um þá ákvörðun tollstjóra að seinka endurákvörðun fyrir allar sendingarnar saman 4 mánuðum eftir að síðustu upplýsingar berist. Því beri að breyta dráttarvaxtakröfu í úrskurði tollstjóra þannig að umbjóðandi greiði ekki meiri dráttarvexti en hann hefði gert ef hann hefði verið krafinn um greiðslu eftir að upplýsing lágu fyrir um hverja sendingu fyrir sig.

Kærandi ítrekar kröfu sína um endurskoðun á ákvörðun á greiðslu dráttarvaxta í úrskurði tollstjóra nr. 47/2007 dags. 30. október 2007.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Kærandi telur að óeðlilega langur tími hafi liðið frá því að staðfestingar erlendra tollyfirvalda lágu fyrir um að hluti vörunnar uppfyllti ekki skilyrði EUR-fríðindameðferðar þar til að tollstjóri endurákvæðaði aðflutningsgjöld. Þetta hafi leitt til hærri kröfu um greiðslu dráttarvaxta. Tollstjóri telur hins vegar að rétt hafi verið að biða eftir að dönsk tollyfirvöld lykju við að svara fyrirspurn embættisins um gildi EUR upprunayfirlýsinga í heild sinni. Um var að ræða alls níu sendingar á sama innflytjanda og sama athugunarefni hafi verið um að ræða í öllum tilvikum, þrátt fyrir að mismunandi seljendur hafi átt hlut að máli. Við athugun danskra tollyfirvalda kom í ljós að af þessum níu sendingum reyndust vörur í sjö sendingum ekki uppfylla skilyrði EUR fríðindameðferðar, hluti af vörum í einni sendingu reyndust upprunavörur og ein sending uppfyllti skilyrðin um fríðindameðferð. Því tekur endurákvörðun tollstjóra yfir vörur í átta sendingum.

Eins og fram hefur komið mótmælir kærandi ekki endurákvörðuninni sem slíkri heldur þeim tíma sem það tók tollyfirvöld að endurákvæða gjöldin. Hann telur að tollyfirvöld hafi tekið sér óeðlilega langan tíma til endurákvörðunar eftir að svör danskra tollyfirvalda lágu fyrir. Því séu vextir af vangreiddum gjöldum of háir. Við skoðun kemur í ljós að tollstjóri sendi fyrirspurn til danskra tollyfirvalda 14. nóvember 2005. Svar danskra tollyfirvalda kom í fjórum hlutum, hið fyrsta í janúar 2006 og síðasta í apríl 2007. Tollstjóri tilkynnti kærandi með bréfi þann 30. ágúst 2007 um fyrirhugaða endurákvörðun. Var innflytjanda gefinn kostur á til að skila inn gögnum um innflutninginn. Innflytjandi skilaði þeim til tollstjóra þann 8. október 2007. Endurákvörðun tollstjóra er dagsett 30. október 2007. Af þessu má sjá að tollstjóri tekur sér líðlega fjóra mánuði til að tilkynna kærandi um fyrirhugaða athugun.

Lögmaður kæranda vísar til 7 gr. vaxtalaga nr. 38/2001 þar sem fram kemur m.a. að skuldara beri ekki að greiða dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður vegna atvika sem valda því að greiðsla fer ekki fram og skuldara verður ekki kennt um. Telur hann að hægt hefði verið að krefja umbjóðanda hans um greiðslur af einstaka sendingum allt að 18 mánuðum fyrir.

Nefndarmenn geta ekki fallist á þessi sjónarmið lögmanns kæranda. Það er ljóst að innflutningur vörunnar er alfarið á ábyrgð kæranda. Kærandi notfærir sér ívilnun í tollalögum um að fella innflutning tilgreindra vörusendinga undur reglur um EUR tollmeðferð. Honum bar því að gæta þess sérstaklega að innflutningurinn uppfyllti örugglega lögmætar kröfur tollfyrivalda um innflutning vöru á grundvelli EUR tollmeðferðar og verður að bera alfarið ábyrgð á því ef innflutningurinn uppfyllir ekki þessi skilyrði. Að mati ríkistollanefndar á því tilvitnuð 7. gr. vaxtalaga ekki við í þessu tilviki.

Nefndarmenn telja það ekki óeðlilegt verklag hjá tollstjóra að biðja með að senda kærandi tilkynningu um fyrirhugaða endurákvörðun þangað til heildarniðurstaða danskra tollfyrivalda um fyrirspurnina lá fyrir, enda gátu svör einstakra útflytjenda haft áhrif á niðurstöðu um endurákvörðun einstakra vörusendinga. Það er hins vegar mat ríkistollanefndar að tollstjóri hafi tekið sér of langan tíma, þ.e. fjóra mánuði í að endurákvæða gjöld eftir að svör allra útflytjenda lágu fyrir. Við útreikning dráttarvaxta ákveður tollstjóri að taka tillit til þessa dráttar og reiknar vexti frá tollafgreiðsludegi til 1. september 2007, þ.e. hann dregur frá tvo mánuði í útreikningi dráttarvaxta. Það er hins vegar óútskýrt hjá tollstjóra hvers vegna það tók embættið fjóra mánuði að tilkynna kæranda niðurstöður úr könnun sinni og um fyrirhugaða endurákvörðun. Það hefði tollstjóri vissulega átt að afgreiða eins fljótt og unnt var sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnslulaga nr 37/1993.

Þegar öll málsatvik eru skoðuð er það álit nefndarmanna að við útreikning vaxta hafi verið tekið tillit til þeirra tafa sem sannanlega urðu á málsmeðferð tollstjóra efir að niðurstöður danskra tollfyrivalda lágu fyrir.

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra, nr. 47/2007, dags. 30. október 2007, um endurákvörðun aðflutningsgjalda og álagningu dráttarvaxta staðfestur.